



8. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn á Sauðárkróki 4.mai 2018

Mætt eru: Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GþG), Haukur Valtýsson (HV), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Örn Guðnason (ÖG) Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.
Forföll boðuð: Lárus B. Lárusson (LBL) og Helga Jóhannesdóttir (HeJ).

1. Fundur settur kl. 14:00.
2. Landsmótsnefnd fundar með stjórn UMFÍ.
3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra. AlÞ lagði fram minnisblað.
4. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr 4. Lögð fram og samþykkt.
5. Nefnd um ungmennabúðir. Nefndin óskaði eftir því að fá að skoða mannvirki á Laugarvatni. Óskað hefur verið eftir viðræðum við Bláskógabyggð um leigu. Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra falið að sjá um viðræðurnar verði af þeim.
6. Nefnd um lýðháskóla. Nefnd um ungmennabúðir falið að fjalla einnig um málefni lýðháskóla UMFÍ.
7. Staða verkefna:
 - a. Hreyfivika; viðburðurinn nálgast, auglýsingasamningar í vinnslu, stefnt er að því að nýta Hreyfiviku til kynna Unglingalandsmót og Landsmótið.
 - b. ULM; allt á góðu róli í Þorlákshöfn fyrir mótið þar.
 - c. NSU; Búið er að endurskipuleggja Ungmennaviku m.t.t. breyttrar styrkveitinga.
8. Skipun fulltrúa í nefndir:
 - a. ULM 2019 á Höfn í Hornafirði; Ragnheiður Högnadóttir.
 - b. Landsmót UMFÍ 50 + 2019 í Neskaupstað Haukur Valtýsson.
9. Bréf sem borist hafa:
 - a. FRÍ; Fögnum hugmynd um stofnun embættis umboðsmanns iðkenda, málinu vísað til starfshóps um #meetoo.
 - b. HSK; annarsvegar kom erindi um Fjölskylduna á fjallið. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu. Hinsvegar kom erindi um hlutverk Sambandsaðila UMFÍ á Landsmótinu. Sambandsaðilar eru hvattir til að taka þátt í kynningu á Landsmótinu en ekki er ætlast til þess að Héraðssambönd standi fyrir öðru sameiginlegu starfi í tengslum við mótið. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
10. Önnur mál:
 - a. Kolbrún Lára Kjartansdóttir formaður ungmennaráðs var kjörin í varastjórn NSU. Stjórn þakkar Jörgen Nilson fyrir vel unnin störf í þágu UMFÍ í stjórn NSU og óskar Kolbrúnu velgengni í sínum störfum.
 - b. Auglýsa þarf eftir mótshaldara fyrir ULM 2021 og Landsmót 50+ 2021 – ákveðið að auglýsa þau í haust.
 - c. Umhverfissjóður Pálma Gíslasonar auglýsti eftir umsóknum í sjóðinn. Stefnt er að því að koma á sérstöku umhverfistengdu verkefni til að fagna því að Pálmi Gíslason hefði orðið 80 ára þann 2. júlí nk.

HrJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 15.40